

# Minnisblað

Til: Fræðslunefndar  
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs  
Dags. 19. september 2018  
Mnr. 2017060041



ÍSAFJARÐARBÆR

## Nemendakönnun – niðurstöður skólaársins 2017-2018

Í minnisblaði þessu verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum nemendakönnunar skólalátsins í grunnskólum sveitarfélagsins. Skólarnir eru hér teknir fyrir í stafrósröð.

### Grunnskólinn á Ísafirði

Fyrsti kaflinn fjallar um virkni nemenda í skólanum. Þar kemur fram að ánægja nemenda af lestri og náttúrufræði er lítillega yfir landsmeðaltali. Nemendur eru undir landsmeðaltali í þrautseigju í námi og trú á eigin getu og vinnubrögðum. Þegar kaflinn líðan og heilsa er skoðaður kemur fram að líðan nemenda er lítillega betri en landsmeðaltalsins og þau hafa sama sjálfáliti og landsmeðaltalið er. Einelti er eins og landsmeðaltalið og hefur tíðni þess aukist, skólinn hefur undanfarin ár verið undir landsmeðaltali hvað varðar tíðni eineltis. Nemendur borða hollan mat en hreyfa sig minna en landsmeðaltalið segir til um. Þegar kaflinn um skóla- og bekkjaranda er skoðaður eru nemendur í GÍ undir í öllum þáttum. Samband við kennara hefur samt lagast en nemendur eru ekki nægjanlega virkir í tímum og agi er minni en gengur og gerist.

Þegar opnu svörin eru skoðuð kemur fram að nemendur segja alla vera vini, maturinn hafi verið góður fyrir áramót, skemmtilegir og góðir kennarar, allir beri virðingu fyrir öðrum, lítið einelti, spjaldtölvur komi að góðum notum, mikið val, lítil heimavinna, kennarar hafi áhuga á krökkunum og sýni vandamálum þeirra áhuga. Allir fá að vera þeir sjálfir, gott félagslíf, kennararnir sanngjarnir og gott bókasafn.

Það má alltaf gera betur og það sem nemendum finnst að betur mætti fara í skólanum þeirra er meðal annars að skólaliðar fylgist betur með því sem er að gerast í frímínútum, hlusta megi á tónlist í öllum fögum og bæta mótuneytið. Einhverjir telja umgengni ábótavant og aðrir að ekki sé eins komið fram við stelpur og stráka. Þá sé ekki alltaf nægur vinnufriður og fjölga megi íþróttatímum, kennarar geri upp á milli nemenda og þeir þurfi sumir að hlusta betur á nemendur.

### Grunnskólinn á Suðureyri

Virkni nemenda í GS er um eða við landsmeðaltal. Ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði er þó töluvert yfir landsmeðaltali. Líðan og heilsa nemenda er yfir landsmeðaltali í öllum þáttum nema einelti þar sem tíðni eineltis er undir landsmeðaltali. Nemendur borða jafn hollan mat og jafnaldrarnir og hreyfa sig töluvert meira en gengur og gerist.

Þegar kemur að skóla- og bekkjaranda í GS eru þeir yfir landsmeðaltali í öllum þáttum. Hæst eru þeir yfir í aga í tíma en einnig virðast nemendur í GS vera í mun betra sambandi við kennara en meðaltal landsins.

Þegar opnu svörin eru skoðuð eru svörin nokkuð einsleit, nemendum finnst allt gott við skólann, þar séu allir vinir, allir þekkist og það sé auðvelt að hitta og kynnast vinum. Þegar nemendur eiga að svara því hvað betur mætti fara kemur fram að ákveðnir kennarar mættu hlusta betur á nemendur og koma betur fram við þá.

## **Grunnskólinn á Þingeyri**

Virknir nemendur í GÞ hefur verið í stöðugri sókn síðustu ár og er nú í öllum þáttum yfir landsmeðaltali og töluvert yfir í nokkrum þáttum. Það sama má segja um skóla- og bekkjaranda þar eru þau yfir landsmeðaltali í öllum þáttum nema samsömun við nemendahópinn. Þegar horft er til líðan og heilsu eru þau nálægt landsmeðaltali í flestum þáttum nema þegar þau kemur að einelti og tíðni eineltis. Skólinn var búinn að ná góðum tókum á einelti og hefur síðustu ár verið undir landsmeðaltali. Þó alltaf séu sveiflur milli ára sérstaklega í litlum skólum er þetta þáttur sem passa þarf sérstaklega vel upp á og hafa starfsmenn skólanna þegar kafað í þessar niðurstöður og gert ráðstafanir.

Þegar opnu svörin eru skoðuð kemur fram að nemendum finnst gott hvað skólinn er lítill og þar séu engin læti. Þeim finnst gott að fá að lesa á hverjum morgni og eru ánægð með áhugasviðið. Þau segja að hlustað sé á krakkana og kennararnir séu sanngjarnir. Allir þekki alla og öllum semji vel. Þegar nemendur eiga að nefna það sem betur mætti fara kemur ekki margt fram en þó nefna þeir nemendur að þeir séu stundum hrekkir eða að aðrir nemendur séu leiðinlegir við þá. Þá nefna nokkrir það sem ókost hversu fáir krakkar eru í skólanum.

## **Grunnskóli Öfundarfjarðar**

Þegar virknir nemendur í skólanum er skoðuð kemur í ljós að ánægja nemenda af lestri eru yfir landsmeðaltali og áhugi á stærðfræði er á landsmeðaltali. Nemendur hafa aftur á móti litla trú á sjálfum sér og þrautseigja í námi er töluvert undir landsmeðaltali.

Þegar þátturinn líðan og heilsa er skoðuð kemur enn betur í ljós að sjálfstraust þeirra er lítið og þeim líður ekki nægjanlega vel. Tíðni eineltis er þó undir landsmeðaltali en nemendur hreyfa sig minna en jafnaldrar og borða ekki eins hollan mat og samanburðarhópurinn.

Nemendur segja aga í tímum vera góðan en virknir nemendur ekki eins góð, þá er það áhyggju efni að nemendur samsama sig illa nemendahópnum og er sá þáttur langt undir landsmeðaltali.

Þegar horft er til opnu svaranna kemur fram að þau telji það kost hversu fáir eru í skólanum það sé mikill vinnufriður og góð þjónusta. Þau dásama kennarana og skólastjórnann. Þá nefna nokkrir að maturinn sé góður. Það er samt alltaf eitthvað sem nemendur telja að betur megi fara. Eldir nemendurnir vilja fá að vera inni í frímínútum og einhverjum finnast yngri nemendurnir óþekkir. Einhverjir eiga ekki góðan vin í skólanum og á skrifunum sést að ekki líður öllum vel í skólanum. Þá telja einhverjir að kennsla í ákveðnum fögum sé ekki nægjanlega góð og að ávextir séu ekki alltaf nægjanlega ferskir.

MH